

REGLUR

UM RAFRÆNA ÞÁTTÖKU Á FÉLAGSFUNDUM BÚMANNA SETTAR Í SAMRÆMI VIÐ FYFRIRMÆLI 13. GR. SAMÞYKKTA BÚMANNA.

1. gr.

Í 13. gr. samþykktu Búmannna er stjórn félagsins veitt almenn heimild til að ákveða að félagsmönnum, sem búa fjarri fundarstað, geti mætt og tekið þátt í aðalfundi og almennum félagsfundi í gegnum fjarfundarbúnað.

Nánar kemur fram í tilgreindu ákvæði að stjórn Búmannna sé skylt að gera félagsmönnum í sveitarfélagi, þar sem Búmenn eiga fasteignir sem félagsmenn eiga búseturétt í og 50 félagsmenn eða fleiri eiga lögheimili og er í að minnsta kosti 200 km. akstursfjarlægð frá fundarstað, kleift að mæta og taka þátt í aðalfundi og almennum félagsfundi með fjarfundarbúnaði.

Í reglum þessum er hér eftir vísað til útibús fundarstaðar aðalfundar eða almenns félagsfundar sem fjarfundarstaðar.

2. gr.

Neyti stjórn Búmannna heimildar til að heimila rafræna þáttöku félagsmanna á aðalfundi eða almennum félagsfundi eða sé henni það skylt, skal stjórnin sjá til þess að fjarfundarstaður, með fullnægjandi aðstöðu og tæknibúnaði, verði aðgengilegur félagsmönnum að lágmarki hálfri klukkustund fyrir auglýstan fundartíma og á meðan fundur stendur.

Í auglýsingu um aðalfund eða almennan félagsfund skal staðsetning fjarfundarstaðar koma skýrlega fram.

3. gr.

Stjórn Búmannna tilnefnir óháðan aðila til þess að vera trúnaðarmaður fundarstjóra á fjarfundarstað. Trúnaðarmaður má ekki eiga hagsmuna að gæta vegna þess efnis sem fjallað er um á fundinum og má ekki vera félagi í Búmönnum. Þrátt fyrir að stjórn Búmannna tilnefni trúnaðarmann eru skyldur hans og trúnaður gagnvart fundarstjóra fyrir hönd allra fundarmanna en ekki sérstaklega við stjórn Búmannna umfram aðra fundarmenn.

Trúnaðarmaður fundarstjóra hefur umsjón með innskráningu fundarmanna á fjarfundarstað og tekur niður beiðnir frá fundarmönnum um að taka til máls og aðrar beiðnir eftir atvikum og kemur þeim til fundarstjóra sem fjallar um þær með sama hætti og aðrar beiðnir á viðkomandi aðalfundi eða almennum félagsfundi.

Við atkvæðagreiðslur skal trúnaðarmaður fundarstjóra sjá um að atkvæðagreiðslur á fjarfundarstað fari fram í samræmi við samþykktir félagsins og séu að öðru leyti í lögmæltu horfi. Skal trúnaðarmaður telja atkvæði á fjarfundarstað í umboði fundarstjóra. Trúnaðarmaður fundarstjóra skal sjá til þess að fundarmenn á fjarfundarstað haldi almenn fundarsköp og reglu.

4. gr.

Á fjarfundarstað skal vera tæknibúnaður sem er tengdur þeim stað þar sem aðalfundur eða almennum félagsfundur Búmannna er haldinn. Tenging skal vera í rauntíma og vera að lágmarki þannig að fundarmenn sem sækja fund á fjarfundarstað sjá í mynd ræðupúlt og fundarstjóra á fundarstað auk

þess sem allt talað orð úr ræðupúlti og frá fundarstjóra, ef við á, skal heyrast í fullum gæðum á fjarfundarstað. Glærukynningar og annað efni sem sýnt er á skjá á fundarstað skal sýnt með sama hætti á fjarfundarstað. Þá skal tæknibúnaður á fjarfundarstað vera með þeim hætti að allt talað orð úr ræðupúlti á fjarfundarstað skal heyrast í fullum gæðum á fundarstað og ef þess er nokkur kostur skal einnig sýna í mynd ræðupúlt og trúnaðarmanni fundarstjóra á fjarfundarstað.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Búmanna hsf. þann 28. maí 2020.